

SMÁGREINAR

Svavar Sigmundsson

Var Leifur heppni lánsamur eða frækinn?

Í grein í tímaritinu *Sögu* veltir Gunnar Karlsson (2014:87–97) sagnfræðingur því fyrir sér hvers vegna Leifur Eiríksson var kallaður *heppinn*. Niðurstaða hans er þessi: „Leifur hlýtur að hafa verið kallaður inn heppni vegna þess að hann þótti færa öðru fólki höpp.“ (Gunnar Karlsson 2014:97). Gunnari þykir nefnilega ekki líklegt að hann hafi hlotið sérstakt happ af því að bjarga mönnum úr sjávarháska eins og segir í textunum sem um hann fjalla: 1) Eiríks sögu rauða, 2) Ólafs sögu Tryggvasonar í Heimskringlu, 3) Kristni sögu og 4) Grænlandinga sögu. Frásagnirnar af Leifi heppna eru tilfærðar hér úr fimm heimildum:

- 1 a) „Lætr Leifr í haf ok er lengi úti ok hitti á lond þau, er hann vissi áðr enga ván til. Váru þar hveitiakrar sjálfsánir ok vínviðr vaxinn. Þar váru þau tré, er mǫsurr heita, ok hǫfðu þeir af þessu ǫllu nǫkkur merki, sum tré svá mikil, at í hús váru lǫgð. Leifr fann menn á skipflaki ok flutti heim með sér. Sýndi hann í því ina mestu stórmennsku ok drengskap, sem mǫrgu ǫðru, er hann kom kristni á landit, ok var jafnan síðan kallaðr Leifr inn heppni.“ (*Eiríks saga rauða* 1935:211–212).
- 1 b) „Leifr lét í haf þegar hann var búinn. Leif velkði lengi úti, ok hitti hann á lond þau er hann vissi áðr ǫngva ván í. Váru þar hveitiakrar sjálfsánir ok vínviðr vaxinn; þar váru ok þau tré er mǫsurr heita, ok hǫfðu þeir af ǫllu þessu nǫkkur merki. Leifr <fann menn á skipflaki

ok> flutti heim með sér ok fekk ǫllum vist um vetrinn. Sýndi hann í því hina mestu stórmennsku ok gæzku af sér. Hann kom kristni á landit (+ ok hann bjargaði monnum 557). Var hann <siðan> kallaðr Leifr hinn heppni.“ (*Eiríks saga rauða* 1985:415).

- 2) „Óláfr konungr sendi ok þat sama vár Leif Eiríksson til Grænlands at boða þar kristni, ok fór hann þat sumar til Grænlands. Hann tók í hafi skipsögn þeira manna, er þá váru ófærir ok lágu á skipsflaki, ok þá fann hann Vínland it góða ok kom um sumarit til Grænlands ok hafði þannug með sér prest ok kennimenn ok fór til vistar í Brattahlíð til Eiríks, fœður síns. Menn kǫlluðu hann siðan Leif inn heppna. En Eiríkr, faðir hans, sagði, at þat var samskulda, er Leifr hafði borgit skipsögn manna, ok þat, er hann hafði flutt skémanninn til Grænlands. Þat var prestrinn.“ (*Heimskringla* I 1941:347–348).
- 3) „Þá fann Leifr Vínland it góða. Hann fann ok menn á skipflaki í hafi. Því var hann kallaðr Leifr inn heppni.“ (*Kristni saga* 2003:30).
- 4) „Sigla nú siðan í haf, ok gaf þeim vel byri, þar til er þeir sá Grænland ok fjöll undir jökulum. Þá tók einn maðr til máls ok mælti við Leif: „Hví stýrir þú svá mjök undir veðr skipinu?“ Leifr svarar: „Ek hygg at stjórn minni, en þó enn at fleira, eða hvat sjái þér til tíðenda?“ Þeir kváðusk ekki sjá, þat er tíðendum sætti. „Ek veit eigi,“ segir Leifr, „hvárt ek sé skip eða sker.“ Nú sjá þeir ok kváðu sker vera. Hann sá því framar en þeir, at hann sá menn í skerinu. „Nú vil ek, at vér beitum undir veðrit,“ segir Leifr, „svá at vér náim til þeira, ef menn eru þurftugir at ná várum fundi, ok er nauðsyn á at duga þeim; en með því, at þeir sé eigi friðmenn, þá eigu vér allan kost undir oss, en þeir ekki undir sér.“ Nú sækja þeir undir skerit ok lægðu segl sitt, kǫstuðu akkeri ok skutu litlum báti ǫðrum, er þeir hǫfðu haft með sér. [...] „Nú vil ek,“ segir Leifr, „bjóða yðr ǫllum á mitt skip ok fémunum þeim, er skipit má við taka.“ Þeir págu þann kost ok sigldu siðan til Eiríksfjarðar með þeim farmi, þar til er þeir kómu til Brattahlíðar; báru farminn af skipi. Siðan bauð Leifr Þóri til vistar með sér ok Guðríði, konu hans, ok þrimr monnum ǫðrum, en fekk vistir ǫðrum hásetum, bæði Þóris ok sínum félögum.

Leifr tók fimmtán menn ór skerinu. Hann var síðan kallaðr Leifr inn heppni.“ (*Grænlandinga saga* 1935:253–254).

- 5) „Leifr hinn heppni, var [...] því svá kallaðr, at hann barg skipshöfn í miðju hafi.“ (ONP).

Hér er auknefni Leifs beinlínis tengt björgunarafreki hans en ekki því að hann fann Vínland eða kom kristni á Grænland.

Gunnar (2014:91) segir að heppinn sé einkum sá sem fær meiri og betri hlut í lífinu en hæfileikar eins og styrkur, vit og hófsemi geti skýrt. Því megi segja að það hafi verið öfugmæli að Leifur hafi verið heppinn. Niðurstaða Gunnars (2014:97) er sem sagt sú að *heppinn* hafi getað merkt ‘happaveitull’ en ekki aðeins ‘happsamur’.

Þessi niðurstaða Gunnars er ekki að öllu leyti fullnægjandi. Orðið *happ* merkir ‘það sem maður fær fyrir heppni’ (*Íslensk orðabók* 2002:533), þ.e. það sem einhverjum hlotnast sjálfum persónulega en er ekki hægt að veita öðrum. Á sama hátt er *heppinn* sá ‘sem hefur heppnina með sér’ (*Íslensk orðabók* 2002:571). Dæmin sem tekin eru til vitnisburðar í grein Gunnars skera ekki úr um merkinguna, sérstaklega ekki dæmin úr kveðskap.

Hvað sem líður þeim dæmum úr fornritum sem Gunnar tekur til athugunar og hann telur styðja mál sitt, ætla ég að líta til grannmáls okkar færeysku til þess að styðja annan skilning á orðinu *heppinn* en við höfum í nútíamamáli. Orðið *heppin* merkir þar, auk þess að þýða ‘eydnusamur’, þ.e. lánsamur, ‘kvíkur, kringur, fermur, snarráðin’, eins og í dæminu „hann má vera (*heppin*) ið skal gera tilíkt roysni“ (*Føroysk orðabók* 1998:451). Orðið *roysni* er skilgreint í sömu færeysku orðabókinni þannig: „djørv gerð gjørd undir truplum umstøðum, roysnisbragd, bragd, roysnisverk, kappabragd“. Í færeysk-danskri orðabók (Jacobsen og Matras 1961:157) er orðið *heppin* þýtt sem ‘rask og snar, behændig’. Á sama hátt er færeyska *roysni* þýtt ‘manddomsværk, (stor) bedrift, vovestykke, styrkeprøve’ í sömu orðabók. Í aukabindi þessarar orðabókar er orðið *heppibragd* tilfært og þýtt sem ‘heldig bedrift, snarrådig gerning’ (Jacobsen og Matras 1974). Mér þykir líklegt að Leifur hafi ekki síst hlotið viðurnefni sitt vegna þess björgunarafreks sem hann vann sem sýnir snarræði hans og hreysti. Í *Grænlandinga sögu* (1935:252) er sagt um Leif: „Leifr var mikill maðr ok sterkr, manna skøruligastr at sjá, [...]“. Þessi ummæli styðja fremur en hitt að hann hafi verið *heppinn* í hinna færeysku merkingu.

Í *Grettis sögu* kemur orðið *heppinn* fyrir í samhengi sem mér finnst einkar athyglisvert út frá því sem að framan segir. Þar segir frá því að Grettir ásamt kaupmönnum gátu ekki tekið eld þar sem þeir tóku land í Noregi vegna illviðris en sáu að eldur mikill kom upp öðru megin þess sunds er þeir voru þá við komnir. Síðan segir:

„En er skipverjar Grettis sá eldinn, tóluðu þeir til, at sá væri heppinn, er honum gæti nát, ok efuðusk í, hvárt þeir leysa skyldi skipit, en þat sýndisk öllum eigi hættulaust. Þá hófðu þeir umtal mikit, hvárt nokkurr maðr myndi svá vel fœrr, at næði eldinum. Grettir gaf sér fátt at ok segir, at verit myndi hafa þeir menn, er þat myndi ekki trauðat hafa [þ.e. vílað fyrir sér]. Kaupmenn sögðu, at sér væri eigi at borgnara, hvat er verit hafði, ef þá væri til einskis at taka, – „eða treystir þú þér, Grettir?“ sögðu þeir, „því at þú ert nú mestr atgærvismaðr af íslenzkum mönnum kallaðr, en þú veizt nú gørla, hvat oss liggir á.“ Grettir svarar: „Eigi lízk mér mikit þrekvirki at ná eldinum [...]“ (*Grettis saga Ásmundarsonar* 1936:129).

Þarna sýnist mér einboðið að *heppinn* eigi við þrekvirkið sem skipverjar Grettis telja að þurfi til að ná eldinum.

Mín niðurstaða er að orðið *heppinn* í norrænu hafi getað merkt ‘frækinn, hraustur, vel fær, snarráður’ eða þvílíkt, auk þess að merkja ‘lánsamur’ og að fyrri merkingin eigi við viðurnefni Leifs Eiríkssonar.

Heimildir

- Eiríks saga rauða*. 1935. Útg. Matthías Þórðarson. Íslenzk fornrit IV. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Eiríks saga rauða*. 1985. (Texti Skálholtsbókar AM 557 4to) Útg. Ólafur Halldórsson. Íslenzk fornrit IV. Viðauki. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Føroysk orðabók*. 1998. Ritstjórn: Jóhan Hendrik W. Poulsen, Marjun Simonsen, Jógvan í Lon Jacobsen, Anfinnur Johansen, Zakaris Svabo Hansen. Tórshavn: Føroya Fróðskaparfelag.
- Grettis saga Ásmundarsonar*. 1936. Útg. Guðni Jónsson. Íslenzk fornrit VII. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Grænlendinga saga*. 1935. Útg. Matthías Þórðarson. Íslenzk fornrit IV. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Gunnar Karlsson. 2014. Hvers vegna var Leifur Eiríksson kallaður heppinn? *Saga* LII:2:87–97.
- Heimskringla* I = Snorri Sturluson. 1941. *Heimskringla* I. Útg. Bjarni Aðalbjarnarson. Íslenzk fornrit XXVI. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

- Íslensk orðabók*. 2002. (3. útgáfa, aukin og endurbætt.) Ritstjóri: Mörður Árnason. Reykjavík: Edda útgáfa hf.
- Jacobsen, M.A. og Chr. Matras. 1961. *Føroysk-donsk orðabók*. (2. útgáva, nógv broytt og økt.) Tórshavn: Føroya Fróðskaparfelag.
- Jacobsen, M.A. og Chr. Matras. 1974. *Føroysk-donsk orðabók. Eykabind*. Latið úr hondum hevur Jóhan Hendrik W. Poulsen. Tórshavn: Føroya Fróðskaparfelag.
- Kristni saga*. 2003. Útg. Sigurgeir Steingrímsson. Íslenszk fornrit XV:2. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog Online* onp.ku.dk. Bein slóð: <http://onpweb.nfi.sc.ku.dk/webart/h/he/33327255700cartpnfr.htm> (sótt 2018).

Svavar Sigmundsson
Rannsóknarprófessor emeritus
svavar@hi.is

